

YOSCIWEB Newsletter 3

Síðustu 4 mánuði hefur YOSCIWEB hópurinn einbeitt sér að því að fá mynd af því hvað einkennir vinsælar vefsíður sem miðla vísindum í hverju aðildarlandi fyrir sig. Einnig hafa valdar vefsíður í hverju landi verið greindar sérstaklega.

Með því að greina þannig það landslag sem er ríkjandi meðal vefsíðna sem miðla vísindum hefur hópurinn fengið góða heildarmynd af því sem einkennir þessar vefsíður hjá aðildarlöndunum. Nánari upplýsingar um þennan hluta verkefnisins má finna á bls 2 í þessu fréttabréfi.

Nákvæmur greiningarlykill fyrir útvaldar vefsíður var einnig þróaður. Í þessum lykli eru 112 atriði sem talin voru vera algeng eða mikilvæg meðal þekktara og vinsælla vefsíðna sem miðla vísindum og var þessum atriðum skipt niður í 4 flokka. Þessi greiningarlykill gerði hópnum kleyft að greina ólíkar vefsíður í aðildarlöndunum með sama hætti. Nánari upplýsingar um þennan hluta verkefnisins má finna á bls 3 í þessu fréttabréfi.

YOSCIWEB hópurinn hefur stuttlega lýst landslagi vefsíðna sem miðla vísindum í hverju landi fyrir sig og valið nokkrar vefsíður til frekari greiningar. Ítarlegur greiningarlykill unnin út frá vinsælum vísindasíðum var þróaður svo hægt væri að greina gera ítarlega greiningu á völdum vefsíðum í aðildarlöndunum.

Um YOSCIWEB

YOSCIWEB verkefnið miðar að því að greina hvaða ímynd vefsíður tileinkaðar vísindamiðlun gefa af vísindum og vísindamönnum gagnvart ungu fólki. Markmið verkefnisins er að veita ráðgjöf, benda á nýjungar og draga saman hollráð fyrir miðlun vísinda í gegnum netið og þá ímynd sem hún endurspeglar af vísindum og vísindamönnum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins: www.yosciweb.eu

YOSCIWEB verkefnið er styrkt af [Evrópusambandinu](#) [Framework Program 7](#) and lasts from January 2008 until December 2009

Efnisyfirlit

Um YOSCIWEB


Bls 1

Lýsing á landslagi vinsælla vísindavefsíðna í hverju landi fyrir sig

Bls 2

Grid of analysis for partners' analysis

Bls 3



Lýsing á landslagi vinsælla vísindasíðna hjá aðildarlöndunum.

YOSCIWEB hópurinn hefur greint það landslag sem er ríkjandi meðal vefsíðna sem miðla vísindum hjá aðildarlöndum YOSCIWEB verkefnisins.

Vinsælar vefsíður voru valdar samkvæmt þessum forsendum:

- Valdar vefsíður *fjalla einkum um og/eða eru tengdar vísindum og vísindagreinum*, þar eru meðtalin hug- og félagsvísindi;
- Markmið þeirra eru að höfða til *almennings* en ekki aðeins til vísindamanna, sérfræðinga, og/eða atvinnumanna. Sumar höfða *sérstaklega til ungs fólks*: notendur á aldrinum 12-18 ára;
- Þær birta *sitt eigið efni*, sem er efnislega unnið og ritstýrt á þeirra vegum. Tenglasíður og leitarvélar teljast ekki til slíkra vefsíðna;
- Vefsíðan er *vistuð í viðkomandi landi og er opin og aðgengileg*: Þarfnast ekki notendanafns og/eða lykilorðs.

Vegna mikils mun á fólksfjölda í aðildarlöndunum er einnig mikill munur á fjölda viðeigandi vefsíðna í hverju landi – til dæmis eru meira en 200 vefsíður í Frakklandi sem uppfylla skilyrðin og meira en 500 í Bretlandi en á Íslandi eru aðeins um það bil 6 vefsíður sem uppfylla skilyrðin. Til að tryggja samræmi og gæði frekari vefsíðugreiningar var fjöldi valinna vefsíða takmarkaður við 10 vefsíður í hverju landi.

Vinsælar vefsíður frá aðildarlöndunum 7 voru greindar með greiningarlykli sem innihélt bæði greiningu á *almennum eiginleikum* síðunnar og *sérstökum eiginleikum hennar*.

Í *almennum eiginleikum* var meðal annars skoðað nafn og vefslóð síðunnar, nafn eigenda og/eða styrktaraðila, tilgangur og markmið vefsíðunnar, hvaða vísindagreinum hún gerði skil, fjölda síðna innan vefsíðunnar og fjölda notenda. Með *sérstökum eiginleikum* vefsíðunnar er átt við hvort hún bauð upp á einhverja gagnvirkni eða margmiðlunartækni. Upplýsingum um vefsíðurnar var einkum aflað með því að skoða þær vel og greina samkvæmt greiningarlykli. Ef einhverjar upplýsingar vantaði var reynt að afla þeirra með því að hafa samband við vefstjóra.

60 vefsíður voru skoðaðar sérstaklega og greindar í þessu verkefni. Eftirfarandi tafla veitir innsýn inn í það landslag sem var ríkjandi í September 2008 í hverju aðildarlandi varðandi netnotkun og vísindamiðlun gegnum netið.

Land	Íbúafjöldi árið 2008	Fjöldi netnotenda árið 2008	Hlutfall netnotkunar meðal íbúa og röðun milli landa	(Áætlað)Heildarfjöldi vinsælla vefsíðna sem eingöngu miðla vísindum	Fjöldi valinna vefsíða
Búlgaría	7.262.675	4.000.000	55.1 %, nr. 39	7	7
Eistland	1.307.605	780.000	59.7 %, nr. 33	7	7
Frakkland	62.177.676	36.153.327	58.1 %, nr. 36	200	10
Ísland	304.367	258.000	84.8 %, nr. 5	6	6
Holland	16.645.313	15.000.000	90.1 %, nr. 2	75	10
Spánn	40.491.051	25.623.329	63.3 %, nr. 29	30	10
Bretland	60.943.912	41.817.847	68.6 %, nr. 22	500	10

Tafla 1: Vinsælar vísindasíður á netinu og netnotkun í sjö Evrópulöndum árið 2008.

Heimild: <http://www.internetworldstats.com/top25.htm>

Það er mikilvægt að benda á að vegna hnattræns eðlis internetsins er líklegt að í sumum tilfellum séu alþjóðlegar vefsíður sem miðla vísindum jafnvel vinsælli heldur en innlendar vefsíður (ekki síst í smærri löndum). Gott dæmi um þetta eru gríðarlegar vinsældir Wikipediu.

Magnið af vefsíðum tileinkuðum vísindum í aðildarlöndunum eru í eigu eða styrkt af opinberum aðilum. Einkaframtök eru venjulega á forni *vefrita*, þar sem útgefendur eru einkum að veita viðbótar upplýsingar og kynna frekar tímarit sín. Sum þeirra eru rekin af vísindamiðstöðum eða söfnum og önnur eru í tengslum við vísindatengda sjónvarpsþætti. Sum einkafyrirtæki hafa einnig komið á fót vísindatengdum vefsíðum sem hluta af menntunar og almannatengsla stefnu fyrirtækisins.

Það eru bæði vefsíður sem eru helgaðar einni vísindagrein sérstaklega, svo sem eðlisfræði, heimspeki eða efnifræði, og vefsíður sem fjalla almennt um vísindi. Stærstur hluti vísindalegra vefsíðna miðar við hærri ungt fólk 16+, á meðan færri vefsíður einblína á yngri hópa svo sem 8 til 12 ára eða 12 til 16 ára.

Flestar vefsíður sem voru valdar eru með gagnabanka sem hægt er að leita í gegnum leitarvél og inniheldur fréttir, greinar og í sumum tilfellum margmiðlun, línurit og fleira. Gagnvirkni er mikilvægur þáttur sem eykur aðdráttarafl síðunnar í augum markhóps hennar. Að minnsta kosti einn gagnvirkur þáttur var til staðar í 36 af 60 vefsíðum. Flestar vefsíðurnar sem voru valdar inniheldu margmiðlun af einhverju tagi, einkum á forni hljóð- og myndskráa.

Greiningarlykill fyrir vefsíðugreiningu aðildarlanda

Markmið þriðja vinnupakka YOSCIWEB verkefnisins er að greina nánar vísindasiður í aðildarlöndunum og bera kennsl á bæði jákvæða og neikvæða eiginleika þeirra.

YOSCIWEB aðili frá Búlgaríu, Democrit, hefur leitt mótun aðferðafræðarinnar við greiningu vefsíðanna og hannaði greiningarlykilinn sem notaður var til að greina valdar vefsíður í aðildarlöndunum. Upphaflega var greiningarlykill með 171 atriði lagður fyrir YOSCIWEB hópinn. Þessi lykill var prófaður á útvaldri vefsíðu af öllum aðilum til að ákvarða hvaða þættir hans væru mikilvægastir.

Niðurstaðan varð greiningarlykill með 112 atriðum, sem innihélt tvenns konar greiningarskala (5 punkta-skala og já/nei skala eftir því um hvernig spurningu var að ræða) og athugasemdahluta til að réttlæta og útskýra álit aðila.

Spurningunum var svarað af aðilum verkefnisins með það að markmiði að bera kennsl á sérstakar og nýstárlegar aðferðir við vísindamiðlun á meðal vefsíðanna 60, í samræmi við eiginlega aðferðafræði. Til að hámarka samræmi milli aðildarlanda var greiningarlykillinn prófaður af öllum aðilum á sömu alþjóðlegu vefsíðunni.

Mánari upplýsingar um einstaka þætti greiningarlykilsins og þá skala sem voru notaðir má finna á heimasíðu YOSCIWEB. Einnig má skoða greiningarlykilinn í heild sinni hér: www.yosciweb.eu/d8.pdf.

Greining á vinsælum vefsíðum sem miðla vísindum var gerð í öllum aðildarlöndum með því að nota sérstakan greiningarlykil sem innihélt fjóra meginflokkar:

- Innihald
- Útlit
- Notendaviðmót
- Gagnvirkni

USABILITY								
	Navigation		Scale					
49		User is able to move around within the website with ease	excellent	highly satisfactory	satisfactory	unsatisfactory	non-existent / N/A	
50	Ease of navigation ¹⁹	The website offers concise grouping of the content material	excellent	highly satisfactory	satisfactory	unsatisfactory	non-existent / N/A	
51		Informative labeling of all navigation elements ²⁰	excellent	highly satisfactory	satisfactory	unsatisfactory	non-existent / N/A	
52		Entertaining navigation	It has a funky design ²¹	excellent	highly satisfactory	satisfactory	unsatisfactory	non-existent / N/A
53	Elements in menu	The number of elements and terms per element does not produce memory overload	excellent	highly satisfactory	satisfactory	unsatisfactory	non-existent / N/A	

Mynd 1. Hér sést hluti af greiningarlykinum sem notaður var.

Á döfinni hjá YOSCIWEB

YOSCIWEB hópurinn er sem stendur að ljúka ítarlegri greiningu á völdum vefsíðum í hverju aðildarlandi. Hópurinn hefur skilgreint jákvæða og neikvæða eiginleika þeirra vefsíðna sem valdar voru. Þessar upplýsingar eru mikilvægar til þess að geta greint og tekið saman hollráð við miðlun vísinda til ungs fólks í Evrópu í gegnum netið og munu mynda grunninn að samantekt þeirri sem gerð verður um vísindamiðlun gegnum netið í Evrópu.

Við erum að vinna að gerð greiningarlykils sem verður notaður af rýnihópum sem samanstanda af ungu fólki sem mun greina valdar vefsíður.

Fjórða YOSCIWEB fréttabréfið kemur út innan skammst og verður sent með tölvupósti til áskrifenda.

YOSCIWEB hópurinn vonast til að geta veitt ykkur mikilvægar og áhugaverðar upplýsingar varðandi ímynd vísinda og vísindamanna á netinu. Í lok verkefnisins munum við kynna safn hollráða varðandi vísindamiðlun í gegnum netið.

Frekari upplýsingar um verkefnið og niðurstöður þess má finna á heimasíðu: www.yosciweb.eu